



## Fimmtugur Magnús Kjaran

Magnús Kjaran stórkaupmaður varð fimmtugur þann 19. þ. m. Það þarf ekki mörg orð utan um þær árnaðaróskir, sem „Frjáls verzlun“ vill flytja honum, því fyrir löngu er hann landskunnur maður og því öll kynning óþörf. Magnús Kjaran varð alþekktur fyrir stjórn sína á Alþingishátíðinni 1930, sem fór svo vel úr hendi, að allir dáðust að. Nú hefir hann fengið það hlutverk, að vera framkvæmdastjóri innflytjendasambandsins, og munu allir sammála um, að í það starf hefði ekki getað valizt heppilegri maður. Er þess að vænta, að Magnús Kjaran eigi eftir að vinna mörg verk fyrir land sitt og stétt sína, en hann er maður, sem óhætt er að fela vandasamt starf.

Magnús Kjaran er vinsæll bæði sem maður og verzlunarmaður. Hann er íslenskur „gentleman“ í húð og hár. Mikið hefir hann unnið fyrir ýmis-konar félagsstarfsemi í Reykjavík og vill V. R. sérstaklega þakka honum störf hans í þess þágu.

X. X.

## Maðurinn, sem Íslendingar sömdu við

Þegar hinn 3. september f. á. stofnsettu Bretar sérstakt ráðuneyti, sem fer með viðskiptamálefni í sambandi við styrjöldina. Mætti vel kalla það hafnbannsráðuneyti. Eru Bretar nú fljótari til en í síðustu styrjöld, því það var ekki fyr en 1916 að ráðuneyti svipaðs eðlis var stofnað og fyrst 1917 að það tók til starfa fyrir alvöru og þá undir stjórn lord Robert Cecil.

Um 600 starfsmenn eru í hafnbannsráðuneytinu og er yfirmaður þess Ronald Hibbert Cross, sem er 43 ára að aldri og var bankastjóri. Hann hefir fengið mjög skjótan frama á stjórnmalasviðinu, því hann kom fyrst inn í þingið 1931.

Cross er hár maður og grannur og hinn glæsilegasti að sjá. Í skóla gekk hann í Eton, sem er uppeldisstofnun aðallega fyrir syni auðmanna og aðals. Cross tók þátt í styrjöldinni 1914—1918 og var þar í flugliðinu. Eftir það gekk hann hina troðnu slóð ættar sinnar og tók að fást við verzlun með það mull, en að slíkum viðskiptum höfðu ættmenn hans starfað mann fram af

manni og var fyrirtæki þetta hið mesta í heimi í sinni grein. En Cross leiddist það mullarverzlunin og snéri sér að bankastarfsemi. Þegar hann var 35 ára bauð hann ihaldsflokknum þjónustu sína og var þá boðinn fram til þings. Eftir það hafði hann á hendi ýms embætti í þágu þess opinbera.

Hið fyrsta, sem Cross varð að gera í hinu nýja embætti, var að búa til lista yfir ófriðarbannvörur og að því loknu voru eftirlitsstaðirnir ákveðnir, þar sem hlutlaus skip skulu koma til skoðunar, en þessir staðir eru: Kirkwall, Weymouth, The Downs, Gibraltar og Haifa.

Þegar skip hlutlausra þjóða koma á staði þessa, eru þau skoðuð af eftirlitsmönnum, sem gefa nákvæma skýrslu um farminn. Skýrslan er síðan send sama dag símleiðis til aðalskrifstofunnar í Lundúnum og er lögð fyrir sérstaka hafnbannsnefnd, sem kemur saman til funda á hverjum degi. En ráðuneytið getur ekki sjálft ákveðið að farmur skuli upptækur ger sem bannvara. Slíkt er ákveðið af sérstökum dómstóli. Hér er því um þrjár stofnanir að ræða, sem vinna saman, flotinn hefir lögregluvaldið, hafnbannsráðuneytið rannsóknarstarfið og hafnbannsdómstóllinn dæmir. Auk hinna eig-



inlegu hafnbannsráðstafana hefir ráðuneyti Cross með höndum að athuga hverjum Bretar lána fé, því vel gæti verið að það lenti eftir ýmsum krókaleiðum í höndum Þjóðverja. Er það starf fjármálasérfræðinga, sem þekkja náð peningamál allra landa, að fylgjast með í þessum sökum og er Department of Overseas Trade — eða ráðuneyti utanríkisverzlunarinnar þar til aðstoðar. Þetta kallar Cross leynilögreglu viðskiptanna. Hafnbannsráðuneytið styðst einnig við sérstaka sérfræðinganevnd og er þar að nefna Sir Frederick Leith-Ross, sem er með kunnari fjármálamönnum Breta.

Ráðuneyti þetta og ráðherrann Cross mun ekki vera sérlega vinsælt meðal hlutlausra þjóða, enda hlýtur starfsemi þess oft og tíðum að brjóta í bág við hagsmunum smáþjóðanna, svo sem komið hefir á daginn.